

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur hreppsnefnd Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulagsbreyting, Sigöldustöð, Sigölduvirkjun, L165348, aðstöðuhús.*

Um er að ræða tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til athafnasvæðis við Sigöldustöð. Afmarkað er svæði fyrir vinnubúðir starfsfólks, svæði fyrir sprengiefnageymslu, svæði fyrir steypustöð, skemmur/verkstæði og haugsvæði fyrir mögulega efnislosun. Vinnubúðir, steypustöð, skemmur og haugsvæði eru sunnan við Tungnaá, á svæði sem í aðalskipulagi er skilgreint sem efnistökusvæði E72 og skógræktar- og landgræðslusvæði SL26, skv. aðalskipulagi Rangárþings ytra. Sprengiefnageymsla er skammt frá Krókslóni og aðrennslisskurði Sigöldustöðvar, á óbyggðu svæði skv. aðalskipulagi Ásahrepps.

Samþykkt í sveitarstjórn 26. júní 2024.

*Deiliskipulag, Dvergabakki, L165303, Dvergabakki A, ný lóð, 6 smáhýsi.*

Um er að ræða tillögu deiliskipulags sem tekur til lóðar Dvergabakka, L165303. Í skipulaginu felst skilgreining byggingarreita og byggingarheimilda fyrir gestahús innan jarðarinnar.

Samþykkt í sveitarstjórn 18. september 2024.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 15. október 2024.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

**Vigfús Þór Hróbjartsson.**

B-deild – Útgáfudagur: 29. október 2024